

Fagráð um velferð dýra
Austurvegi 64
800 Selfoss

Reykjavík, 8. júlí 2019
UST201906-254/G.R.G.
11.10.00

Viðbrögð við tilmælum Fagráðs um velferð dýra

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dags. 24. júní 2019 þar sem Fagráð um velferð dýra beinir þeim tilmælum til stofnunarinnar að endurskoða veiðiráðgjöf/veiðistjórnun við hreindýraveiðar með tilliti til velferðar hreinkálfa. Í þessu samhengi vísar Fagráðið til þess að í Noregi sé lögð áhersla á þá siðfræði (jegerettik) við þjálfun veiðimanna að fella ekki kú frá kálfi og að helst eigi að fella kálfinn á undan kúnni. Auk þess sem vísað er til þess að veiðar þar hefjist að jafnaði seinna en hér á landi. Í bréfinu kom Fagráðið því einnig á framfæri að það teldi nauðsynlegt að gerðar verði rannsóknir á þroska og afdrifum kálar með tilliti til þess hvort þeir fylgja móður að vetri eða eru móðurlausir s.s. vegna þess að hún er felld á veiðitímabili.

Umhverfisstofnun telur rétt að vekja athygli á því að þegar tilmælin bárust stofnuninni hafði öllum hreindýraveiðileyfum verið úthlutað og þar af leiðandi illmögulegt að breyta fyrirkomulagi við veiðistjórnun, þ.e. veiðitímabilinu, fyrir veiðitímabilið 2019 enda líklegt að nokkur fjöldi veiðimanna hafi nú þegar gert ráðstafanir til að halda til veiða á þeim veiðítíma sem gilt hefur undanfarin ár.

Til að bregðast við athugasemdum Fagráðsins um veiðisiðfræði og upphaf veiðitímabils bendir Umhverfisstofnun á það að hvað siðfræði varðar að hreindýraveiðum á Íslandi er þannig háttáð að enginn má halda til veiða án þess að hafa með sér leiðsögumann sem hefur leyfi frá Umhverfisstofnun til leiðsagnar með hreindýraveiðum. Umhverfisstofnun hefur ávallt beint þeim tilmælum til leiðsögumann að leitast eins og kostur er við að fella fremur kýr sem eru ekki með kálf heldur en kýr sem eru með kálf fyrstu tvær vikur veiðanna. Auk þess hefur Skotvísl staðið fyrir fyrillestrum um veiðisiðfræði. Umhverfisstofnun mun skerpa enn frekar á þeim tilmælum til leiðsögumann og veiðimanna. Hvað samanburð á veiðitímabili hreindýra á Íslandi og Noregi varðar þá bendir Umhverfisstofnun á að nauðsynlegt er að líta til ýmissa þáttu annarra en einfaldlega dagsetninganna í því samhengi, t.a.m. þann fjöld dýra sem fella á vegna stofnstærðarstjórnunar, stærðar landsvæðisins og aðgengis að veiðisvæðum eftir árstíma, veðurfars o.fl.


Umhverfisstofnun leggst ekki gegn því sjónarmiði Fagráðs um velferð dýra að nauðsynlegt sé að þroski og afdrif kálfa verði rannsakaður m.t.t. þess hvort þeir fylgja móður að vetri eða eru móðurlausir en bendir í því samhengi á það á Náttúrustofa Austurlands hefur nú þegar rannsakað efnið töluvert og hugsanlega þarf að tryggja Náttúrustofu Austurlands frekara fjármagn til að stunda frekari rannsóknir. Í því samhengi telur Umhverfisstofnun þó rétt að Fagráð um velferð dýra útlisti það ítarlega hvað eigi að rannsaka, t.d. hvort leita eigi af hræjum eða hvort talningar nægi.

Á fundi sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið boðaði til á Egilsstöðum þann 29. janúar síðastliðinn hélt Náttúrustofan tölu um lifun kálfa, en fundinn sóttu fulltrúar

Umhverfisstofnunar, Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Matvaelastofnunar (í gegnum fjarfundarbúnað), Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum, Hreindýraráðs og Skotvísl. Samkvæmt Náttúrustofu austurlands broskast hreinkálfar mjög hratt enda eru þeir aðlagaðir því að forða sér á hlaupum. Hreinkýr þurfa að venja kálfa mjög hratt undan til að geta nærst sjálfar og samkvæmt norskri atferlisrannsókn á villtum hreindýrum þá styttist sá tími sem kálfar eru háðir því að sjúga mjólk af móður mjög hratt.

Aldur kálfs í vikum	1	2	4	8	11	16
Útreiknaður tími sem þeir sjúga (mínútur/24klst.)	77	24	14	4	3	2.4

Á fyrstu fjórum vikunum fækkar þeim mínútum sem kálfurinn sýgur móður úr 77 í 14 á sólarhring en á áttundu viku er tíminn kominn niður í 4 mínútur. Kálfarnir eru u.p.b 8-10 vikna þegar veiðar hefjast en burður er kringum 15. maí. Í þessu sambandi er rétt að benda á að veiðar á kún hefjast 1. ágúst en fara að jafnaði rólega af stað fyrstu vikurnar eins og sjá má á mynd 1 þar sem veiðítímanum er skipt upp í vikur. Myndin sýnir hversu hátt hlutfall af kvótanum er veiddur á hverri viku veiðítímans að meðaltali árin 2011-2017. Að meðaltali veiðast tæp 14% af útgefnum kvóta kúa fyrstu tvær vikurnar en þá eru kálfarnir 8-12 vikna gamlir að jafnaði. Þó veiðar fari hægt af stað munar um þessar vikur þegar líða tekur á veiðítímann og ásókn eykst en það er æskilegast að veiðar dreifist sem jafnast yfir veiðítímabilið til að veiðarnar gangi vandræðalaust fyrir sig og ekki verði of mikð álag á hjarðirnar.



Mynd 1. Dreifing veiða á kún í prósentum milli vikna, meðaltal áranna 2011-2017

Í norsku rannsókninni voru bornir saman kálfar sem gengu með móður sinni og munaðarlausir kálfar en enginn munur mældist á lifun þeirra. Samkvæmt Náttúrustofu Austurlands getur móðurmissir helst bitnað á kálfum um vetur ef vetur er harður og jarðbönn. Þá kraftar móðirin snjóinn ofan af gróðrinum en kálfur sem gengur með móður hefur þá forgang að holunni. Í því sambandi skiptir ekki máli hvort kálfurinn hefur misst móður fyrstu daga veiðítíma eða síðar.

Það er mat Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, að alls ekki sé um neyðarástand að ræða sem kallar á bráðaaðgerðir eins og að seinka veiðítímabili enda var það samdóma álit allra sem mættu á framangreindan fund að ekki ætti að seinka upphafi veiðítímabils. Umhverfisstofnun leggur að því sögðu til


að ekki verði gripið til aðgerða að svo stöddu heldur verði unnið að áætlun um virka verndar- og nýtingarstjórnun (e. *Adaptive Harvest Management plan*).

Í slíkri áætlun þarf að mati Umhverfisstofnunar fjalla um tilgang hreindýraveiða, ákjósanlega stofnstærð, útbreiðslu dýranna o.fl. Í þannig ferli er hægt að ræða um og finna hvaða leiðir hægt er að fara til að koma til móts við dýravelferðarsjónarmið enda skal málið þá skoðað út frá sem flestum sjónarhornum. Þá þarf að horfa til fleiri þáttta en eingöngu upphafsdagettningar veiðítímabils þegar borinn er saman veiðtími hreindýra á Íslandi við Noreg. Ef það á að fara þá leið að stytta veiðitímann eins og nefnt hefur verið þá þarf að grípa til frekari ráðstafana til að mögulegt sé að fella þann kvóta sem ákveðinn er árlega, í það minnsta ef markmið hreindýraveiða á að snúa að stofnstærðarstjórnun og stjórnun á útbreiðslu dýranna.

Virðingarfyllst



Bjarni Pálsson
teymisstjóri



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Afrit sent til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.